

FUNDARGERÐ

600. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, þriðjudaginn 31. mars, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 09:30 í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Oddviti leitar afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

Þetta var tekið fyrir:

1. Umsókn um rekstrarstyrk frá Kötlusetri.

Lagt fram erindi frá forstöðumanni Kötluseturs þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk vegna tekjutaps af völdum Covid-19 faraldursins.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðninni.

2. Aðgerðir til að draga úr efnahagslegum áhrifum Covid-19 í Mýrdalshreppi.

Lögð fram tillaga um að fresta gjalddögum fasteignagjalda í C-flokki fyrir næstu þrjú mánuði þar til við lok árs. Jafnframt var tekin til umræðu framkvæmdaáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2020.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að leita leiða til þess að flýta framkvæmdum á áætlun 2020 eins og mögulegt er. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að endurbætur á Víkurbraut verði bætt við áætlunina. Sveitarstjórn samþykkir að aðgangskort í íþróttamiðstöðina verði fryst frá lokunardegi þar til hægt verður að opna aftur.

Sveitarstjórn samþykkir að tveimur milljónum verði varið í markaðsherferð fyrir Mýrdalshrepp í samstarfi við VisitVík sem hægt verði að setja í loftið þegar faraldurinn hefur gengið sitt skeið.


Enn hefur ekki greinst tilfelli af Covid-19 í Mýrdalshreppi og því er að svo stöddu ekki talin ástæða annars en að skólar sveitarfélagsins starfi með sem eðlilegustum hætti.

Sveitarfélagið mun að sjálfsögðu hlíta tilmælum sóttvarnaryfirvalda í þeim efnum og bregðast við ef þörf er á.


Ofangreind eru fyrstu skref sveitarfélagsins til þess að draga úr efnahagslegum áhrifum Covid-19 í Mýrdalshreppi. Sveitarstjórn mun áfram hafa til skoðunar aðrar aðgerðir sem ráðast þarf í ef aðstæður breytast.

Hlutfall starfa í ferðaþjónustu er hæst á landinu hér í Mýrdalshreppi og áhrif Covid-19 faraldursins á atvinnulífið sem byggir að mestu leyti afkomu sína á ferðaþjónustu því gríðarlega mikil. Í ljósi þess skorar sveitarstjórn á ríkisstjórnina í samráði við sveitarfélagið

að finna leiðir til að skjóta traustari stoðum undir atvinnulíf í sveitarfélaginu. Störf á vegum ríkisins hafa markvisst verið flutt úr sveitarfélaginu þrátt fyrir ítrekuð mótmæli sveitarstjórnar og mikilvægt er að snúið verði af þeirri braut og gefið í af hálfu ríkisins. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita viðræður við ríkisvaldið í þeim efnum. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 10:10



Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir